

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/377
komudagur 3.12.197

Hafnarfirði, 3. desember 1997.

Hér með sendist virðulegri allsherjarnefnd Alþingis umsögn héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjaness um frumvarp til laga um dómstóla, sem var samþykkt á dómarafundi í dag.



Allherjarnefnd Alþingis
b.t. Sólveigar Pétursdóttur, formanns,
c/o Nefndasvið Alþingis,
Þórhamar v/Templarasund
150 REYKJAVÍK.

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM DÓMSTÓLA

Þann 3. desember 1997 komu dómaraar við Héraðsdóm Reykjaness saman til fundar í þeim tilgangi að gera ályktun, sem í fælist umsögn dómstólsins um framkomið frumvarp til laga um dómstóla. Fyrir fundinum lágu umsagnir um frumvarpið frá Héraðsdómi Reykjavíkur, dagsett þann 26. nóvember sl., Kjaramálanefnd Dómarafélags Íslands, dagsett 21. nóvember sl. og Dómarafélagi Íslands, dagsett þann 28. nóvember sl. Dómaraar við Héraðsdóm Reykjaness eru sammála um að þeir taki heilshugar undir þær athugasemdir, sem fram koma í nefndum umsögnum dómaraa við Héraðsdóm Reykjavíkur og Kjaramálanefnd Dómarafélags Íslands. Við erum hins vegar í meginatriðum ósammála áðurgreindri umsögn Dómarafélags Íslands og teljum að umsögnin sé eigi í neinu samræmi við þá hörðu gagnrýni, sem frumvarpið hefur sætt af hálfu dómaraa á fundum Dómarafélags Íslands, þar sem frumvarpið hefur verið kynnt.

Dómaraar við Héraðsdóm Reykjaness hafa ennfremur ákveðið að koma á framfæri fáeinum atriðum til viðbótar, sem þeir telja harla mikilvægt að fá viðhlítandi umfjöllun í meðferð þingsins um frumvarp til laga um dómstóla, en þær athugasemdir eru ekki tæmandi, meðal annars vegna stutts umsagnarfrests.

I.

Frumvarpið stefnir að valdþjöppun, sem að okkar áliti er ekki einungis óþörf, heldur beinlínis varasöm. Þannig fáum við ekki séð nauðsyn þess að setja á laggir nýja stjórnvaldshafa. Á þetta við um dómstólaráð (III. kafli frv.) og nefnd um dómarastörf (IV. kafli frv.). Framsetning frumvarpsins ber auk þess sem þegar er rakið, augljós merki þess að gengið hafi verið út frá því að einn héraðsdómstóll yrði fyrir allt landið og dómaraar yrðu á ferðum milli landshluta. Sýnilegt er að laga þarf frumvarpið að gjörbreyttri hugmynd, þannig að efni þess fari saman við sjálfstæði hvers héraðsdómstóls um sig.

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS

Um dómstólaráð.

Undir ráð þetta á að draga vald og ákvarðanir, sem nú eru að flestu leyti í verkahring dómstólanna sjálfra, sbr. 14. gr. frv. Dómstólaráð sýnist okkur í ýmsum greinum að muni verða óþarfur milliliður milli dómstólanna og dómsmálaráðuneytisins (sbr. einkum 1. tl. 1. mgr. 14. gr.), en í öðrum greinum er því ætlað að taka ákvarðanir um innri málefni dómstólanna (sbr. t.d. 5. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. frv.). Þá er því ætlað að setja reglur, sem við álítum að eðlilegast væri að settar væru með lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 14. gr. Rétt er að taka fram að við erum hlynnt því að slíkar reglur verði settar.

Dómstólaráð verður nýr framkvæmdavaldshafi, einhvers konar útvöxtur úr stjórnarráðinu, greinilega til þess fallið að draga úr sjálfstæði dómstólanna og koma í ýmsum greinum í veg fyrir bein samskipti þeirra við dómsmálaráðuneytið og e.t.v. önnur ráðuneyti. Þar vegur þungt sú ráðagerð að svipta einstaka dómstóla ábyrgð á fjárreiðum sínum. Felur sú ráðagerð í sér tvíverknað og aukin útgjöld.

Tilhneiging til valdþjöppunar kemur víðar fram í frumvarpinu en í ákvæðum um dómstólaráð. Ráðagerðin um nefnd um dómarastörf felur einnig í sér slíka tilhneigingu. Hið sama gildir m.a. um það sem fram kemur í 1. mgr. 16. gr., að kosning eða tilnefning dómstjóra bindi ekki ráðherra.

Um nefnd um dómarastörf.

Við teljum að um nefnd þessa megi segja hið sama og fyrr var sagt um dómstólaráð. Hún er að verulegu leyti óþörf og reyndar varasöm. Í þessu sambandi er sérstök ástæða til að vara við ákvæðum 2. - 4. mgr. 26. gr. frumvarpsins. Hér er gert ráð fyrir að nefnd um dómarastörf setji reglur um aukastörf og eignir dómara. Reglur um þetta eru auðvitað til, þótt ekki séu þær skráðar, sem sett lög eða stjórnvaldsreglur. Þær markast af almennri vitund dómara um að honum beri utan embættisverka að forðast allt það, sem geti gert hann vanhæfan í starfi. Útlistanir fræðimanna eru dómurum til stuðnings í þessu efni. Að

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS

baki þessum ráðagerðum virðist liggja það kynduga lagasetningarviðhorf, að ekki megi einungis leysa með lagasetningu þau vandamál, sem menn eiga við að glíma, heldur sé og rétt að leysa með lögum þau vandamál, sem aldrei hafa komið upp, en kynnu að gera það.

Að svo miklu leyti sem þörf þætti að setja slíkar reglur, teljum við rétt að þær yrðu settar með lögum.

II.

Hér að framan hefur verið dregið á tilhneigingu framkvæmdavalds til valdþjöppunar. Í því felst að með tilkomu nýrra stjórnvaldshafa, dómstólaráðs og nefndar um dómaraströf, sé fremur dregið úr sjálfstæði héraðsdómstólanna, tekið fyrir bein samskipti þeirra við æðstu stofnanir framkvæmdavaldsins og rýrður réttur þeirra til að taka ákvarðanir um innri málefni.

Skyld þessum ágangi framkvæmdavaldsins inn á svið dómsvaldsins kann að vera viss tilhneiging, sem fram kemur í tóðu frumvarpi, til að draga úr starfsöryggi og kjörum héraðsdómara, sbr. umsögn Kjaramálanefndar Dómarafélags Íslands. Andstætt þessu telja dómarar við Héraðsdóm Reykjaness að mikilvægt sé að styrkja héraðsdómsstigið sem mest og stefna með því að fækkun þeirra mála, sem óskað er endurskoðunar á í Hæstarétti. Telja verður að afnám forsetaskipunar héraðsdómara sé andstæð framangreindu sjónarmiði og því yfirlýsta markmiði frumvarpsins að efla og styrkja sjálfstæði dómsvaldsins. Væri því réttara að slík tilhögun yrði tekin að nýju inn í frumvarpið. Þegar til lengri tíma er litið mun afnám forsetaskipunar héraðsdómara smám saman draga úr trausti almennings á niðurstöðum þeirra. Þá verður að auki eigi séð að það samræmist yfirlýstu markmiði frumvarpsins um aukið sjálfstæði dómstólanna að þóknun dómstólaráðsmanna sé ákveðin af ráðherra dómsmála.

III.

Dómarar við Héraðsdóm Reykjaness líta svo á að nefnd sú sem samið hefur frumvarp þetta hafi unnið mikið og vandamt starf, en við teljum að starfinu sé ekki lokið.

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS


Í veigamiklum atriðum er hörð andstaða meðal dómara við þær leiðir sem frumvarpið leggur til að farnar verði og sú gagnrýni kom strax fram þegar drög að frumvarpinu voru kynnt dómurum á fyrri stigum málsins. Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt, teljum við það fremur til þess fallið að veikja dómskerfið frá því sem nú er heldur en að styrkja það.

Þegar það er haft í huga að hlutverk og skipun í dómstólaráði er gagnrýnd, flutningur dómara gegn þeirra vilja tímabundið á milli embætta er harðlega andmælt, endurskoða þarf hlutverk nefndar um dómarastörf og að ekki er tekið á því hvort einhverjar reglur skuli gilda um skipun hæstaréttardómara sambærilegar þeim er eiga að gilda um héraðsdómara (umsögn nefndar), þá telja dómarar við Héraðsdóm Reykjaness einsýnt að hið háa Alþingi gerði réttast í því að hafna frumvarpinu í heild, eins og það liggur nú fyrir.

Hafnarfirði, miðvikudaginn 3. desember 1997.


Sveinn Sigurkarlsson


héraðsdómari


Ólöf Pétursdóttir

dómstjóri


Finnur Torfi Hjörleifsson


héraðsdómari


Finnboði H. Alexandersson

héraðsdómari


Gunnar Aðalsteinsson

héraðsdómari


Jón Finnbjörnsson

settur héraðsdómari


Guðmundur L. Jóhannesson

héraðsdómari
